

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Langanesbyggð.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti breytingu á deiliskipulaginu „Íbúðarbyggð og miðsvæði vestan Langanesvegjar á Þórshöfn“ á fundi sínum 2. nóvember 2023.

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir fjórum nýjum lóðum undir lítill íbúðarhús, þjónustu og verslanir við Langanesveg 17 og 19 ásamt breytingu á bílastæði og lítillsháttar tilfærslu á fyrirhuguðum göngustígum.

Skipulagið var auglýst frá 23. ágúst til 5. október 2023 skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auglýsingar voru birtar í Lögbirtingablaðinu, í Skeglunni (staðarblað) og á heimasíðu Langanesbyggðar. Engar athugasemdir bárust frá íbúum en umsangir bárust frá Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Gerðar voru minniháttar lagfæringar á auglýstri tillögu til að koma til móts við umsögn Vegagerðarinnar til að auka umferðaröryggi á svæðinu. Þær breytingar felast einkum í því að hætt var við að færa til innkeyrslu inn á reitinn, útlínunum bílastæðis var breytt og byggingarreitum og lóðarmörkum var hliðrað lítillsháttar til að koma til móts við þá tilfærslu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Langanesbyggðar, 18. desember 2023,

Arnar Birgir Ólafsson skipulagsráðgjafi.

B-deild – Útgáfudagur: 4. janúar 2024